




ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

HITAVEITA SAUÐÁRKRÓKS
Aukning vatnsvinnslu við Áshildarholtsvatn

Þorsteinn Thorsteinsson
Ragna Karlsdóttir

OS-86072/JHD-32 B

Nóvember 1986



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknúmer : 651-001

**HITAVEITA SAUÐÁRKRÓKS
Aukning vatnsvinnslu við Áshildarholtsvatn**

Þorsteinn Thorsteinsson
Ragna Karlsdóttir

OS-86072/JHD-32 B

Nóvember 1986

EFNISYFIRLIT

| | Bls. |
|--|------|
| 1 ÁGRIP OG NIÐURSTÖÐUR | 4 |
| 2 INNGANGUR | 5 |
| 3 BORHOLUR | 5 |
| 4 VATNSVINNSLA | 6 |
| 5 HITI | 7 |
| 6 EFNASÝNI | 8 |
| 7 PRÝSTINGUR | 8 |
| 8 VATNSLEIÐNI | 9 |
| 9 AUKNING VATNSVINNSLUNNAR | 10 |
| 10 VINNSLUEFTIRLIT | 12 |
| 11 VIÐNÁMS- OG SEGULMÆLINGAR 1981 | 13 |
| HEIMILDIR | 16 |
| VIÐAUKI A: Efnasamsetning hitaveituvatns á Sauðárkróki | 33 |
| VIÐAUKI B: Um viðnámsmælingar, mæliferlar | 37 |

TÖFLUR

| | |
|--|----|
| 1 Holur SK-9, SK-10, SK-11, SK-12 og SK-13. Dýpi og þvermál, vatnsmagn og iðustreymisstuðlar í ágúst 1984 .. | 6 |
| 2 Efnasamsetning vatns | 35 |
| 3 Reiknaður þrýstingur 1965 - 1984 | 9 |
| 4 Áætluð vatnsvinnsla með djúpdælum | 11 |
| 5 Þvermál rennslismæla | 12 |
| 6 Borholur á Borgarmýrum við Áshildarholtsvatn | 15 |

MYNDASKRÁ

| | Bls |
|--|-----|
| 1 Staðsetning borhola | 17 |
| 2 Holur SK-9 til SK-13. Þvermál, vatnsæðar | 18 |
| 3 Vatnsmagn úr borholum 1953 - 1984 | 19 |
| 4 Borholur við Áshildarholtsvatn. Vatnsmagn og þrýstingur 14.-24. ágúst, 1984 | 20 |
| 5 Hitamælingar í holum SK-9 - SK-13 | 21 |
| 6 Hitamælingar í holu SK-9 | 22 |
| 7 Hitamælingar í holu SK-10 | 23 |
| 8 Hitamælingar í holu SK-11 | 24 |
| 9 Hitamælingar í holu SK-12 | 25 |
| 10 Hitamælingar í holu SK-13 | 26 |
| 11 Hola SK-12 hækjun þrýstings 23. ágúst 1984 | 27 |
| 12 Hola SK-13 hækjun þrýstings 22. ágúst 1984 | 28 |
| 13 Viðnámsniðsmælingar | 29 |
| 14 Lína 1, Líkan, reiknaðir og mældir ferlar | 30 |
| 15 Segulkort | 31 |

1 ÁGRIP OG NIÐURSTÖÐUR

Kannaðar eru leiðir til aukningar hámarksvinnslu á vinnslusvæði Hita-veitu Sauðárkróks við Áshildarholtsvatn úr 90 l/s í 190-220 l/s af 69° - 70°C heitu vatni. Vinnsluholur á svæðinu eru 5 talsins, SK-9, SK-10, SK-11, SK-12 og SK-13, 379-667 m djúpar. Átta eldri holum, 120-157 m djúpum, hefur verið lokað með steypu. Rennsli af svæðinu mældist 148 l/s þann 22. ágúst 1984 og hafði þá minnkað um 13 l/s á átta dögum frá því holurnar voru fullopnaðar til prófunar 14. ágúst. Heildarrennsli af svæðinu frá upphafi, 1948, er áætlað 55 G1 (G1=1 mill. m³), þar af 35 G1 frá 1972, 85 l/s að meðaltali. Hitamælingar og vatnsæðar í holunum benda til þriggja, að einhverju leyti afmarkaðra láréttara vatnsleiðara á vinnslusvæðinu:

| Vatnsleiðari | Dýptarbil(m) | Hiti °C |
|--------------|--------------|---------|
| A | 120-470 | 72 |
| B | 470-570 | 71 |
| C | 570-665 | 67 |

Lokunarþrýstingur hola SK-2 og SK-4 (120 og 135 m) mældist 1,5-1,7 bar í des. 1948. Hærri lokunarþrýstingur, 4,4-6,0 bar, var reiknaður í dýpri holunum, SK-10 og SK-11, við lok borunar 1972.

Meðalrennsli 1972-1981 er áætlað 80-90 l/s og þrýstingslækkun 2,9 bar, 0,32 bar/ári. Minni lækkun þrýstings, innan við 0,1 bar/ári, hefur orðið frá því 1981 er hola SK-13 var boruð niður í leiðara C. Orsakir hægari þrýstingslækkunar eftir 1981 gætu verið þessar:

- 1) Tilkoma nýrra óháðra vatnsæða í SK 13 (leiðari C).
- 2) Eðlileg minnkandi þrýstingslækkun með tíma.
- 3) Minna heildarrennsli úr holunum vegna betri samræmingar milli rennslis og álags hitaveitunnar.

Iðustreymisstuðlar holanna, einkum SK-13, eru sambærilegir við stuðla reiknaðrar rennslismótstöðu upp eftir holunum. Lækkun rennslismótstöðunnar með borun nýrrar holu og með víkkun og dýpkun eldri hola niður í C leiðaranum myndi því auka rennsli af svæðinu. Varanleiki aukningaráinnar ræðst af þrýstingslækkun í C leiðaranum með tíma.

Talið er líklegt að auka megi vinnslu af svæðinu að því marki sem rætt er um, 190-220 l/s, með dælingu úr nýrri víðri holu og tveimur eða fleiri eldri holum. Þrýstingslækkun vegna aukinnar vinnslu sem að einhverju leyti yrði árstíðabundin, er lauslega áætluð 3-5 bar og er þá miðað við reiknaða lækkun á árabilinu 1972-1981. Jafnframt er áhersla lögð á nauðsyn reglubundins vinnslueftirlits á svæðinu til þess að öruggara mat megi fást á afkastagetu þess.

2 INNGANGUR

Með bréfi dags. 26. apríl 1984 óskaði veitustjóri Sauðárkrókskaupstaðar eftir því að Jarðhitadeild léti fara fram nákvæmar rannsóknir á afkastagetu vinnslusvæðis Hitaveitu Sauðárkróks í Borgarmýrum norðan Áshildarholtsvatns. Tilefni rannsóknarinnar eru framkomnar óskir um kaup á 50 l/s af heitu vatni til fiskeldis, 30-50 l/s til upphitunar flugbrautar og 20-30 l/s til ylræktar. Samtals eru þetta 100-130 l/s umfram hámarksnotkun Sauðárkróksbæjar, sem er í dag um 90 l/s af um 70° heitu vatni.

Jarðhitadeild hefur orðið við þessari beiðni og hafa verið gerðar hitamælingar í vinnsluholum á svæðinu og sýni tekin af vatni þeirra til efnagreininga. Tíu daga rennslisprófun var gerð á holunum í ágúst, 1984 og tekin hafa verið saman eldri gögn Jarðborana ríkisins (JBR) um boranir ásamt eldri rennslismælingum Hitaveitu Sauðárkróks. Þá hefur verið unnið úr segul- og viðnámssniðsmælingum sem gerðar voru við Áshildarholtsvatn sumarið 1981.

3 BORHOLUR

Á árabilinu 1948-1981 voru alls boraðar 14 holur til heitavatnsvinnslu á vinnslusvæði Hitaveitu Sauðárkróks í Borgarmýrum við Áshildarholtsvatn (sjá mynd 1). Fyrstu átta holurnar, 120-250 m djúpar, voru boraðar með meitilborum og haglabor Jarðborunardeildar Raforkumálaskrifstofunnar og meitilbor Jóns Nikodemussonar 1948-1964. Síðari holur, 378-667 m djúpar, voru boraðar með snúningsborum Jarðborunardeildar Orkustofnunar. Átta elstu og grynnstu holunum hefur nú verið lokað með steypu. Steypt var í holur SK-1, SK-2, SK-3, SK-6 og SK-8 í mars 1981 en í holur SK-4, SK-5 og SK-7 í ársþyrjun 1984. Þá var hola SK-9 endurfóðruð í nóember 1984 og jafnframt dýpkuð í 384 m.

Tafla 1 er yfirlit yfir dýpi og þvermál þeirra hola sem nú eru opnar, SK-9, SK-10, SK-11, SK-12 og SK-13 og fóðringa þeirra. Helstu vatnsæðar holanna, samkvæmt dagbókum JBR og hitamælingum frá því í júní 1984, eru sýndar á mynd 2, en helstu upplýsingar um allar holur á svæðinu eru í töflu 6.

Tafla 1 Holur SK-9, SK-10, SK-11, SK-12 og SK-13
Dýpi og þvermál, vatnsmagn og iðustreymis-
stuðlar í ágúst 1984

| Hola | Dýpi | Þverm. | Fóðring | Vatnsmagn | Iðustreymi | Iðustr.f |
|-------|------|--------|---------|-----------|------------|-------------|
| | m | m | m | mm | ág.1984 | $m/(1/s)^2$ |
| | | | | | $1/s$ | $m/(1/s)^2$ |
| SK-9 | 378 | 0,121 | 25,3 | 203 | 10,6 | 0,098 |
| SK-9* | 384 | | 181,9 | 114 | | |
| SK-10 | 577 | 0,130 | 24,0 | 203 | 10,5 | 0,100 |
| SK-11 | 554 | 0,130 | 33,3 | 203 | 19,5 | 0,028 |
| SK-12 | 524 | 0,200 | 118,0 | 254 | 42,0 | 0,0060 |
| SK-13 | 669 | 0,241 | 222,6 | 283 | 72,0 | 0,0015 |

* endurfóðruð og dýpkuð í nóv. 1984.

4 VATNSVINNSLA

Sjálfrennsli hefur verið á vinnslusvæðinu frá upphafi og sýnir mynd 3 rennsli úr borholunum á árunum 1952-1984 samkvæmt mælingum hitaveitunnar og niðurstöðum rennslisprófana í ágúst 1984. Mælipunktar tákna mælt eða áætlað hámarksrennsli hverju sinni en það er oft meira en daglegt rennsli a.m.k. að nokkru leyti síðan 1976 eftir að borun SK-12 lauk og henni lokað eftir þörfum með handvirkum loka, en sérstaklega frá ársbyrjun 1984, er farið var að stjórna rennslinu með álagsstýrðum spjaldloka á SK-13 ásamt handvirka lokanum á SK-12. Stjórnun rennslis með lokum á SK-9, SK-10 og SK-11 hefur verið talin varhugaverð vegna stuttra fóðringa (24,0-33,3 m) holanna. Hámarksnotkun Sauðárkróksbæjar á vetrarmánuðum er nú talin 90 l/s, en notkun í ágúst, 1984 var um 60 l/s. Sambærilegar tölur frá 1980 eru 80 l/s og 50 l/s og hefur vatnspörf hitaveitunnar þannig aukist um 2-3% á ári síðan 1980. Heildarvatnsmagn sem runnið hefur af vinnslusvæðinu síðan 1948 er áætlað, samkvæmt ofangreindum mælingum 55 millj. m^3 (G1), þar af 35 G1 síðan 1972 eða 85 l/s að meðaltali. Sjálfrennsli úr eldri holum SK-1 - SK-8, áður en þeim var lokað með steypu 1981 og 1984, var um 16 l/s.

Samanlagt vatnsmagn hola SK-9, SK-10, SK-11, SK-12 og SK-13 mældist 148 l/s 22. ágúst s.l. og hafði það þá minnkað um 13 l/s á 8 dögum frá því SK-12 og SK-13 voru fullopnaðar 14. ágúst 1984 (sjá mynd 4). Við rennslisprófunina í ágúst var ekki unnt að mæla vatnsmagn SK-10, SK-11, SK-12 og SK-13, hverrar fyrir sig, heldur var heildarvatnsmagn

þeirra mælt með rennslismælum á aðveitum í dælustöð og í yfirfalli frá safnþró. Breyting heildarmagnsins við lokun SK-13 og síðan SK-12 (mynd 4) sýndi því vatnsmagn holana hvorar fyrir sig og samanlagt vatnsmagn SK-10 og SK-11. Hlutfallslegt magn SK-10 og SK-11 var síðan reiknað samkvæmt mælingum á vatnsmagni þeirra frá 1980. Vatnsmagn SK-9 var mælt með 50 l mælistampi og skeiðklukku.

Í töflu 1 er skrá yfir afköst holanna eins og það var mælt og reiknað 22. ágúst, 1984. Út frá vatnsmagni einstakra hola og lokunarþrýstingi SK-12 og SK-13 voru síðan reiknaðir iðustreymisstuðlar, C, $\text{m}/(\text{l}/\text{s})^2$ fyrir hverja holu. Gert var ráð fyrir sama lokunarþrýstingi í SK-9, SK-10 og SK-11 og mældist í SK-12 og SK-13.

5 HITI

Myndir 5-10 sýna hitamælingar sem gerðar voru í holunum þann 7. júní 1984. Mælingar gerðar í SK-9, SK-10 og SK-11, 16. október 1975, eru enn fremur sýndar á myndum 6-8 til samanburðar. Hitinn er hæstur í SK-9, sem er grynnst (378 m), en lægstur í SK-13, en mikill meiri hluti vatnsmagns hennar er úr kaldari æðum neðan 570 m dýpis. Lítilsháttar kæling kemur fram á hitaferlum SK-9, SK-10 og SK-11 miðað við ferlana frá 1975. Mismunur milli mælinganna er þó varla marktækur nema e.t.v. í SK-11 þar sem hann er rúmlega 1°C. Kælingu í SK-11 mætti skýra með blöndun kaldara vatns frá SK-13.

Af hitamælingunum og yfirliti yfir vatnsæðar holanna á mynd 2 má ráða þrjá misheita, því sem næst láréttu vatnsleiðara, A, B og C.

| Vatnsleiðari | Dýptarbil(m) | Hiti °C |
|--------------|--------------|---------|
|--------------|--------------|---------|

| | | |
|---|---------|------|
| A | 120-470 | 72,0 |
| B | 470-570 | 71,0 |
| C | 570-665 | 67,4 |

Hola SK-13 sker alla leiðarana. SK-10, SK-11 og SK-12 skera leiðara A og B en SK-9 er eingöngu í leiðara A.

6 EFNASÝNI

Sýni til efnagreininga voru tekin úr borholum á jarðhitasvæðinu í júlí og október 1984 og í febrúar 1985. Niðurstöður efnagreininga má sjá í töflu 1 í greinargerð Hrefnu Kristmannsdóttur, Efnasamsetning hitaveituvatns á Sauðárkróki, í viðauka. Greinargerðin er jafnframt umsögn um nýtingarhæfni jarðhitavatnsins. Vatnið er talið gott með tilliti til útfellinga og tæringarhættu í lögnum en vafasamt til neyslu vegna þess að styrkur brennisteinsvetnis, H_2S , er ofan leyfi-
legra marka, auk þess sem sýrustig og ~~fyrir~~ styrkur eru í hærra lagi. Lítið magn súrefnis, um 30 ppb, sem mældist við sýnatökuna er talið upprunnið í yfirborðslögnum og er ekki talið líklegur tæringarvaldur vegna H_2S styrks vatnsins.

7 ÞRÝSTINGUR

Vegna stuttra fóðringa í holunum, að SK-12 og SK-13 undanskildum, hefur ekki verið mögulegt að fylgjast með þrýstiástandi vinnslusvæðisins frá upphafi með þrýstimælingum á lokuðum holum. Unnt er þó að reikna líklegan þrýsting á svæðinu aftur í tímann út frá eldri rennslismælingum og iðustreymisstuðlum holanna, sem voru ákvarðaðir með mælingunum í ágúst, 1984. Tafla 3 sýnir reiknaðan þrýsting í holum SK-9, SK-10, SK-11, SK-12 og SK-13 á árunum 1965-1984, en einnig mælt vatnsmagn og iðustreymisstuðlana, sem ákvarðaðir voru í ágúst 1984 og sem gert er ráð fyrir að séu lítið sem ekki breyttir frá því holurnar voru boraðar.

Þrýstingur er reiknaður 3,6 bar í holu SK-9 1965 en 4,4-6,0 bar 1972 í holum SK-10 og SK-11, sem eru dýpri en SK-9. Þrýstingur SK-11 hafði lækkað í 3,2 bar 1976 og í 1,7 bar 1980. Lokunarþrýstingur holu SK-13 mældist 1,3 bar í ágúst 1984, og er þrýstingslækkun þannig mun hægari eftir 1980 en hún var milli 1972 og 1980.

Tafla 3 Reiknaður þrýstingur 1965 – 1984

| Ár | Hola | Rennsli | Iðustreymisst. | Reiknaður þrýst. |
|------|------|---------|----------------|------------------|
| | | l/s | m/(l/s) | bar |
| 1965 | 9 | 20,0 x) | 0,098 | 3,6 |
| 1972 | 10 | 24,5 x) | 0,100 | 6,0 |
| 1972 | 11 | 40,0 x) | 0,028 | 4,4 |
| 1976 | 11 | 33,9 | 0,028 | 3,2 |
| 1976 | 12 | 75,0 x) | 0,006 | 3,4 |
| 1980 | 11 | 25,0 | 0,028 | 1,7 |
| 1981 | 13 | 100 x) | 0,0013 | 1,5 |
| 1984 | 13 | 72,0 | 0,0013 | 1,3 |

x) mælt við lok borunar

Vera má að upphafþrýstingurinn 6,0 bar, sem reiknaður er fyrir SK-10, 1972, sé of hár og að þrýstingurinn 4,4 bar, sem reiknaður er fyrir SK-11 um sama leyti sé nær réttu lagi. Þrýstingsfall á vinnslusvæðinu vegna 80-90 l/s vatnsvinnslu frá 1972 til 1981 hefur samkvæmt því orðið 2,9 bar (30,3 m V.S.) eða um 0,3 bar/ári.

Ekki er ljóst hvort hægari þrýstingslækkun eftir 1981 sé vegna tilkomu dýpri vatnsæðanna, neðan 570 m, í SK-13 1), vegna hægari lækkunar með tíma 2), eða vegna minni heildar vatnsvinnslu með meiri stjórnun á rennslinu í samræmi við álag hitaveitunnar og með lokun fyrir rennsli eldri hola með steypu 3).

8 VATNSLEIÐNI

Vatnsleiðni jarðmyndana umhverfis holur SK-12 og SK-13 var ákvörðuð út frá þrýstingshækkun, eftir að lokað hafði verið fyrir rennsli holanna (mynd 4). Lokað var fyrst fyrir SK-13 22. ágúst og sólarhring seinna var lokað fyrir Sk-12. Hola SK-13 var síðan opnuð aftur 4 klukkustundum eftir að lokað hafði verið fyrir holu SK-12.

Þrýstingshækkun holanna eftir lokun er sýnd á myndum 11 og 12 ásamt leiðnistuðlum sem reiknaðir eru út frá þrýstingsferlunum. Til grundvallar túlkunar var lagt líkan af víðáttumíklum vatnsleiðara og tregðu við holuveggi. Vatnsleiðni umhverfis holu SK-13 reiknaðist $2.02 \times 10^{-6} \text{ m}^3/\text{PaS}$ ($1.94 \times 10^{-2} \text{ m}^2/\text{s}$) en $1.06 \times 10^{-6} \text{ m}^3/\text{PaS}$ ($1.02 \times 10^{-2} \text{ m}^2/\text{s}$) við holu SK-12.

Gildi þessi eru skammtímagildi sem takmarkast við vatnsleiðni í næsta nágrenni holanna. Gildi langtímaleiðnisstuðla, sem endurspeglar vatnsleiðni og rennslismynstur í aðfærsluæðum að svæðinu og sem reiknaðir eru út frá þrýstingslækkun og vatnsmagnsaukningu t.d. milli áranna 1972 og 1981 (sjá mynd 2) gætu verið allt að 10 sinnum lægri, miðað við ofangreint líkan.

Engu að síður er hér um verulega vatnsleiðni að ræða, sem er sambærileg við vatnsleiðni sem ákvörðuð hefur verið fyrir afkastamikil lág-hitasvæði suðvestanlands, t.d. hluta Mosfellssveitarsvæðis Hitaveitu Reykjavíkur. Þess ber þó að gæta að langtíma vatnsleiðnigildi jarð-hitasvæðisins við Áshildarholtsvatn eru byggð á strjálum og grófum vatnsmagnsmælingum og þrýstingsgildum, sem reiknuð eru út frá iðustreymisstuðlum vinnsluholanna. Til nánari ákvarðana á langtíma vatnsleiðni svæðisins og eðli aðfærsluæða þess er nauðsynlegt að gerðar verði reglubundnar mælingar á rennsli, þrýstingi og vatnshita einstakra hola.

9 AUKNING VATNSVINNSLUNNAR

9.1 Sjálfrennsli

Sé litið á iðustreymisstuðla SK-11, SK-12 og SK-13 í töflu 1 kemur í ljós að gildi stuðlanna, sérstaklega í SK-13, eru sambærileg við stuðla sem reikna má fyrir rennslisviðnám í pípum með þvermáli og lengd holanna:

$$h = \left(F \frac{L}{d^5} \right) q^2$$

þar sem h = rennslismótstaða, m V.S.

F = fasti, sek²/m

L = lengd pípu, m

d = þvermál pípu, m

q = vatnsmagn, m³/s

Afköst holanna, einkum SK-13, takmarkast af flutningsgetu þeirra og ríkjandi þrýstingi í jarðhitakerfinu. Það er því líklegt að ný hola, SK-14, staðsett í námunda við SK-11, SK-12 og SK-13 með 13 3/8" fóðringu, 12 1/4" í þvermál, sem boruð væri niður í C leiðarann í 700-800 m dýpi, gæti skilað miklu vatnsmagni a.m.k. fyrst í stað. Varanleiki rennslisins myndi þó ráðast af vatnsgæfni og þrýstings-

lækkun C leiðarans með tíma. Þessi atriði eru lítið þekkt, en eins og tekið er fram hér að framan, er óljóst hvort tiltölulega lítil þrýstingslækkun á vinnslusvæðinu eftir 1981 sé vegna hagstæðra rennslisstuðla C leiðarans eða af öðrum ástæðum. Langtíma rennslisprófun (mánaða) með fullum afköstum og reglubundnu eftirliti gefur væntanlega vísbendingar um þá þrýstingslækkun sem gera má ráð fyrir vegna aukinnar vinnslu. Rétt er þó að taka fram, að vegna breytinga, sem orðið geta á rennslismynstri í leiðaranum við aukna vinnslu, getur slík prófun ekki komið í staðinn fyrir raunverulega langtíma prófun, a.m.k. ekki með því vatnsmagni sem fyrirhugað er að vinna.

Auka mætti vatnsmagn, í minna mæli þó, með öðrum hætti en með borun víðrar holu, þ.e. með víkkun og e.t.v. dýpkun hola SK-10 og SK-11 með 7 7/8" borkrónu og SK-12 með 9 5/8" krónu.

9.2 Djúpdælur

Miðað við þá tiltölulega litlu þrýstingslækkun, sem orðið hefur á vinnslusvæðinu við Áshildarholtsvatn frá upphafi, og reynslu af öðrum sambærilegum jarðhitasvæðum hérlendis verður að telja nokkurnveginn öruggt að auka megi vinnsluna af svæðinu með dælingu úr holunum. Miðað við þrýstingslækkunina 1972-1981 má búast við að tvöföldun núverandi vinnslu (80-90 l/s), geti valdið 3-5 bar þrýstingslækkun á 10-12 árum og yrði dýpi á vatnsborð holanna þá 20-40 m.

Í töflu 4 hefur verið gerð lausleg áætlum um vinnslu með djúpdælum og er þar miðað við venjulegar öxuldælur sem notaðar eru á jarðhitasvæðum hérlendis. Gert er ráð fyrir 12" 1450 sn/mín dælu í SK-14 (ný hola), 10" 2900 sn/mín í SK-13, 8" 2900 sn/mín í SK-12 og 6" 2900 sn/mín dælum í SK-10 og SK-11. Gert er ráð fyrir að víkka þurfi og endurfóðra tvær síðasttöldu holurnar.

Tafla 4 Áætluð vatnsvinnsla með djúpdælum

| Vinnsluholur | Vatnsmagn l/s |
|-----------------------------------|---------------|
| SK-12, SK-13 | 130 |
| SK-10, SK-11, SK-12, SK-13 | 165 |
| SK-12, SK-13, SK-14 (ný hola) | 230 |
| SK-10, SK-11, SK-12, SK-13, SK-14 | 265 |

10 VINNSLUEFTIRLIT

Áætlanir þær um vatnsmagn og þrýsting jarðhitasvæðisins, sem fram koma hér að framan, eru byggðar á stuttri rennslisprófun í ágúst 1984 og strjálum mælingum og útreikningum á vatnsmagni og þrýstingi frá upphafi vinnslunnar 1952. Til þess að öruggara mat fáist á afkastagetu svæðisins og rennslismynstri aðfærsluæða þess er brýnt að gerðar verði reglubundnar mælingar á vatnsmagni, þrýstingi og hita einstakra hola auk þess sem sýni til efnagreininga verði tekin öðru hvoru. Mikilvægt er að mælingarnar séu traustar og áreiðanlegar og að þær séu gerðar reglulega. Til mælinga á rennslí einstakra hola hafa hitaveitur notað snúningsmæla með teljara (Voltmann mæla) sem t.d. er lesið af vikulega og augnabliksrennslí jafnframt mælt. Þrýsting má mæla á sama tíma með nákvæmum Bourdon þrýstimælum en hita með góðum kvikasilfursmælum, sem stungið er í vökvafyllta vasa á frárennslisrörum holanna.

Rennslismæla þarf að velja með tilliti til rennslis fyrir hverja holu fyrir sig. Tafla 5 sýnir vatnsmagn vinnsluholanna, eins og það var ákvarðað í ágúst 1984, ásamt þvermáli rennslismæla og vatnsmagni sem framleiðendur mæla með. Í töflunni er miðað við langvarandi óslitið rennslí, en skammtíma rennslí er talið mega vera um helmingi meira.

Tafla 5 Þvermál rennslismæla

| Hola | Rennsli í ágúst 1984 | Þvermál mælis | Vatnsmagn |
|-------|----------------------|---------------|-----------|
| | l/s | mm | l/s |
| Sk-9 | 10,6 | 100 | 17,5 |
| Sk-10 | 10,5 | 100 | 17,5 |
| Sk-11 | 19,5 | 125 | 25,0 |
| Sk-12 | 42,0 | 200 | 66,2 |
| Sk-13 | 72,0 | 250 | 97,2 |

11 VIÐNÁMS- OG SEGULMÆLINGAR VIÐ ÁSHILDARHOLTSVATN 1981

11.1 Viðnámsmælingar

Dagana 23.-25. júní 1981 voru gerðar viðnámsmælingar á jarðhitasvæðinu við Áshildarholtsvatn. Viðnámsmælingar þessar eru svonefndar viðnáms-sniðsmælingar sem sýna viðnám á föstu dýpi eftir mælilínu svo og hvar lóðréttir lágvíðnámsveggir (vatnsrásir) skera línumuna. Mælingar þessar hafa verið notaðar allmikið sl. 5 ár og þykja gefast vel, einkum til þess að finna uppstreymi á lághitasvæðum. Árið 1981 var mæliaðferð þessi nánast á tilraunastigi hér á Íslandi og því ákveðið að reyna mælingarnar á svæðum þar sem aðstæður voru þekktar. Á jarðhitasvæðinu við Áshildarholtsvatn hefur fundist stallur eða misgengi með segul-mælingum. Talið er að þetta misgengi veiti heita vatninu upp og tekið hefur verið mið af því við staðsetningu borhola síðari ár eða H9 - H13. Helstu upplýsingar um allar holur á svæðinu eru í töflu 6. Mældar voru 3 línum við Áshildarholtsvatn, eru þær sýndar á yfirlits-korti á mynd 13. Lína 1 liggur A-V um það bil 50 metrum norðan við dælustöð. Lína 2 liggur NV-SA norðan við Áshildarholtsvatn. Lína 3 liggur NV-SA um það bil 200 metrum norðan dælustöðvar

11.2 Niðurstöður

Tvennt er það sem gerir mælingar við Áshildarholtsvatn erfiðar; annars vegar fjöldi lagna og leiðslna á svæðinu og sú staðreind að salt set með lágu viðnámi er skammt austan við jarðhitasvæðið og hefur áhrif á mælingarnar. Vel leiðandi leiðsla gefur samskonar svörun og vatnsrás en er oft sterkari og getur þannig yfirgnæft merki frá vatnsrás. Viðnámsdýptarmælingar sem gerðar voru í Skagafirði 1975 (Ragna Karls-dóttir 1975) gefa til kynna að viðnám í berggrunni sé 200-300 ohm. Þetta kemur heim og saman við viðnámsnisiðsmælingarnar, sem skynja 100-150 metra dýpt. Á borholusvæðinu er gróft set um 40-50 metra þykkt og viðnám á að giska 100 ohm. Neðan við tekur berggrunnur. Mælingarnar eru mjög truflaðar af leiðslum en hér eftir eru raktar niðurstöður úr einstökum línum:

Lína 1: Lágvíðnámsvörun er í:

- 175 metrum; Lögn (skv korti). Frá gömlu holunum við vatnið.
- + 10 metrum; Lögn
- + 210 metrum; Misgengi.

Lína 2: Lágviðnámssvörum er í:

- 72 metrum; Hásennukapall
- 0 ; Lögn frá gömlu holunum
- + 130 metrum; Misgengi
- + 300 metrum; Hásennukapall

Lína 3; Lágviðnámssvörum er í:

- 0 ; Hásennukapall
- + 200 metrum; Misgengi

Lína 1 var túlkuð tvívitt, sem þýðir að í túlkun getur viðnám breyst eftir línumni og með dýpi, en ekki þvert á línumna. Túlkunin fer þannig fram að gizkað er á líkan fyrir línumna. Síðan eru reiknaðir út viðnámsferlar fyrir það líkan og bornir saman við raunverulega mælda ferla. Ef þeir falla ekki saman er líkunum breytt, nýir viðnámsferlar reiknaðir og bornir saman við mældu ferlana. Þannig eru niðurstöður líkansins smáum saman felldar að mældum niðurstöðum. Þess má geta að túlkunin er ekki einhlít þ.e. fleiri en ein lausn getur gilt fyrir hvern mæliferil. Um viðnámsmælingar, sjá Viðauka B.

Líkanið fyrir línu 1 svo og reiknaðir - og mældir ferlar eru sýnt á mynd 14. Í líkunum er gert ráð fyrir lágu viðnámi í yfirborði á tveimur stöðum (lögnum) og lágviðnámsvegg (misgengi).

Á yfirlitskorti (mynd 13) er sýnd lega mælilína svo og helstu niðurstöður. Misgengið er sýnt með skyggðri línu. Einnig er sýnd lega þess samkvæmt segulmælingum. Niðurstöður viðnáms- og segulmælinga falla allvel saman; lega misgengisins er allmiklu hlykkjóttari skv. segulmælingunum enda eru þær nákvæmari. Það er því staðfest með viðnámsniðsmælingunum að misgengið er einnig vatnsrás.

11.3 Segulmælingar

Í mars 1981 var gert nákvæmt segulkort af borholusvæðinu við Áshildarholtsvatn. Tilgangurinn var sá, að kortleggja nákvæmlega legu misgengisins, sem talið er veita heitu vatni upp í jarðhitasvæðið. Mælt var eftir línum með 20 metra milli lína og 5 metra milli mælipunkta í línu.

Segulkortið er sýnt á mynd 15. Það sýnir mælilínurnar og þversnið af mælingunum eftir mælilínunni. Þar sem mælilínurnar skera misgengið hækkar segulsviðið. Á kortinu sést að misgengið er nokkuð hlykkjótt en hefur höfuðstefnu nálægt N10°A. Lega þess fellur vel saman við lágviðnámsvegg úr viðnámsniðsmælingunum.

TAFLA 6 Borholur á Borgarmýrum við Áshildarholtsvatn.

| Holur | Boruð ár | Verknr. | Bortæki | Dýpi m | Fóðrun | Holu- vídd | Rennsli l/s | mælt | Aths. |
|-------|-------------|---------|------------|-----------|-------------------|---------------|----------------|------|-------------|
| 0 | 1948 | 31-0097 | Höggbor 1 | 17,5 | | 7" | | | Ónýt |
| 1 | 1948 | 31-0097 | - | 29,5 | | | | | |
| - | 1953 | 70-0138 | Haglabor | 250 D | | | | | Steypt 1981 |
| 2 | 1948 | 31-0097 | Höggbor 1 | 120 | 6" í 25,3 m | 6" | 0,79 | 1975 | Steypt 1981 |
| 3 | 1948 | 31-0097 | - | 34 | | | | | Færð um 1 m |
| 3 | 1948 | 31-0097 | - | 135 | | 6" | 1,92 | 1975 | Steypt 1981 |
| 4 | 1958 | 38-1025 | Höggbor JN | 125 | | | 3,85 | 1975 | Steypt 1984 |
| 5 | 1960 | 38-1025 | Höggbor JN | 157 | | | 2,63 | 1975 | Steypt 1984 |
| 6 | 1960 | 38-1025 | - | 154 | | | | | Steypt 1981 |
| 7 | 1961 | 38-1025 | - | 146,5 | | | 2,78 | 1975 | Steypt 1984 |
| 8 | 1964 | 38-1025 | - | 158 | | | | | Steypt 1981 |
| 9 | 1965 | 21-0737 | Ýmir | 384 | 8" í 25,3 m | 7 7/8" í 35,5 | 10,6 | 1984 | |
| 10 | 1965 | 21-0737 | - | 489,5 | | | | | |
| - | 1972 | 21-0017 | - | 557,5 D | 8" í 24 m | 5 1/8" í 421 | | | |
| | | | | | | 4 3/4" í botn | 10,5 | 1984 | |
| 11 | 1971 | 21-0017 | - | 554,3 | 8" í 33,3 m | 5 1/8" í 510 | | | |
| | | | | | | 4 3/4" í botn | 19,5 | 1984 | |
| 12 | 1976 | 33-0078 | Höggbor 3 | 34 | | | | | |
| - | 1976 | 20-0003 | Narfi | 524,4 D | 10 " í 118 m | 7 7/8" í botn | 42 | 1984 | |
| 13 | 1981 | 33-0137 | Höggbor 3 | 32 | | | | | |
| - | 1981 | 24-0074 | Glaumur | 666,8 | 11 3/4" í 222,6 m | 8 1/2" í botn | 72 | 1984 | |

HEIMILDIR

Gunnar Böðvarsson, 1953: Skýrsla um borunarframkvæmdir við Áshildarholtsvatn í Skagafirði. Raforkumálaskrifstofan, Jarðhitadeild.

Páll Pálsson, 1984: Munnlegar upplýsingar.

Ragna Karlsdóttir, 1976: Stutt greinargerð um staðsetningu holu 12 við Áshildarholtsvatn fyrir hitaveitu Sauðárkróks. Orkustofnun, Jarðhitadeild.

Ragna Karlsdóttir, 1975: Jarðhitarannsókn í Skagafirði 1975. Orku-stofnun, OSJHD 7633.

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

Borholur við Áshildarholtsvatn

'76.03.24. R.K/H.O
Tnr. 1640 Tnr. 27
J-Hitam. J-Skagafj.
Fnr. 14082

SKÝRINGAR:

● Borhola

Sjá skjalasafn JBR v.breyttra
holunúmera


Hola 1 var hola 3

Hola 2 var hola 1

Hola 3 var hola 2

N


Mynd 1



JHD-SK-5100-PTH
84.07.0892-GSJ/OD

ÁSHILDARHOLTSVATN
Holur SK-9 – SK-13

Mynd 2




JHD-SK-5100-P Th
84070891-GSJ/OD

ÁSHILDARHOLTSVATN

Vatnsmagn úr borholum 1953-1984


Mynd 3



Mynd 4

BORHOLUR VIÐ ÁSHILDARHOLTSVATN. VATNSMAGN OG ÞRÝSTINGUR 14-24 AG. 1984


JHD-SK-5100-2TH
64.09.1011-GSJ




JHD-SK-5100-PTh
84-08-0902

Mynd 5


SAUDÁRKRÓKUR HOLUR: 9-13
HITAMÆLINGAR




SAUDÁRKRÓKUR HOLA 9
ÁSHILDARHOLTSVATN
HITAMÆLINGAR



SAUDÁRKRÓKUR HOLA 10
ÁSHILDARHOLTSVATN
HITAMÆLINGAR




SAUDÁRKRÓKUR HOLA 11
ÁSHILDARHOLTSVATN
HITAMÆLINGAR






SAUDÁRKRÓKUR HOLA 12
HITAMÆLING



JHD-SK-5100-bTh
84.08.0906 T

Mynd 10


SAUDÁRKRÓKUR HOLA 13
HITAMÆLING




JHD-SK-5100-PTh
8410.1269-T

HOLA SK12

Mynd 11




Mynd 12





Mynd 13

VIÐNÁMSSNIÐSMELINGAR VIÐ
ÁSHILDARHOLTSVATN



SAUDARKROKUR LINA 1
AB/2 = 200 M


— Rho_{AC-AB}
- - - Rho_{BC-AB}
(Ohmm)



JHD-JK-5100 GIH.
84.03.0403 AA

Mynd 15

SAUDÁRKRÓKUR ÁSHILDARHOLTSVATN SEGULMÆLIFERLAR




SKÝRINGAR

- Mælilína
- Hitaveitulögn
- Girðing

- Skurður
- Misgengi skv. segulmælingu
- Svæði sem hiti var á ath. betta er ónákvæmt

• 8 Borhola



N

VIÐAUKI A

EFNASAMSETNING HITAVEITUVATNS Á SAUÐÁRKRÓKI

eftir

Hrefnu Kristmannsdóttur

EFNASAMSETNING HITAVEITUVATNS Á SAUDÁRKRÓKI

Tekin voru sýni af jarðhitavatni úr borholum 9, 10, 11, 12 og 13 á jarðhitasvæðinu við Áshildarholtsvatn, sem Hitaveita Sauðárkróks nýtir

Sýnin voru tekin í júlí og október 1984 og í febrúar 1985. Heildargreining var gerð á sýnum frá í febrúar, en í hin vantar mælingu á sýrustigi og rokgjörnum eftum.

Niðurstöður efnagreininga eru í meðfylgjandi töflu. Til samanburðar eru tvær efnagreiningar á vatni úr holu 10 frá 1969 og 1979. Ekki hefur verið fylgst reglulega með efnasamsetningu jarðhitavatns á þessu svæði og er mjög lítið til af slíkum gögnum. Eldri greiningarnar eru ekki beint sambærilegar, hvorki innbyrðis né við nýju greiningarnar vegna mismunandi greiningaraðferða á flestum eftum. Ljóst er þó af samanburði gagna að engar stórvægilegar breytingar hafa orðið á efnasamsetningu vatnsins í holu 10 sl. 16 ár. Vatnið er samkvæmt greiningum á hlutfalli stöðugra ísotópa upprunnið af hálandinu sunnan Skagafjarðar og ber mælingum nú vel saman við niðurstöður Braga Árnasonar sem mældi ísotópahlutfall í vatninu fyrir sextán árum. Vatnið virðist vera í jafnvægi við hitastig nálægt 70°C og ber ekki nein merki jafnvægis við hærra hitastig. Það er dæmigert fyrir lághitavatn á íslenskum basaltsvæðum, þ.e. hefur hátt sýrustig, lágt heildarefnainnihald og er kalkmettað. Það er að flestu leyti ágætt til nýtingar og ekki hætta á útfellingum eða tæringu við nýtingu þess. Sem neysluvatn dæmist vatnið ekki nothæft til drykkjar þar sem bæði flúorstyrkur og sýrustig er heldur hátt og H₂S styrkur er langt ofan leyfilegra marka. Við afloftun fer hluti af H₂S úr vatninu og það er heppilegt að því leyti að það eyðir súrefni sem kemst í vatnið í tönkum og á leið þess um dreifikerfið. Ekki er heldur um drykkjarvatn að ræða og vatn með hærri H₂S og flúorstyrk er notað í margar hitaveitur á Íslandi.

Hola 13, sem er köldust, ber þess nokkur merki í efnasamsetningu og er vatnið úr henni efnasnauðast og útreiknaður efnahiti tilsvarandi lægri en í hinum holunum. Hitastigsmunur hinna holanna innbyrðis endurspeglast þó ekki í efnainnihaldinu. Hola 9 hefur þannig hæst efnainnihald og útreiknaðan efnahita. Munur á milli hola er þó mjög líttill og ekki marktækur nema fyrir örfá efni á milli hola 13 og 9 annars vegar og 10, 11, og 12 hins vegar.

Þar sem nýting vatnsins fer vaxandi væri æskilegt að fylgjast betur með efnainnihaldi vatnsins í framtíðinni. Taka ætti sýni úr helstu vinnsluholunum a.m.k. árlega héðan í frá.

Tafla 2 Efnasamsetning hitaveituvatns á Sauðárkróki (mg/kg)

| Hola sýnis | Númer | Hiti °C | Ohmm | pH/°C | SiO ₂ | Na | K | Ca | Mg | CO ₂ | SO ₄ | H ₂ S | C _l | F | Uppl. efni |
|---------------|--------|------------|------|---------|------------------|------|-----|-----|------|-----------------|-----------------|------------------|----------------|------|---------------|
| H-10 | 690145 | 70,0 | | 9,92/23 | 74,0 | 51,0 | 1,1 | 3,0 | 0,03 | 16,5 | 37,7 | 0,4 | 19,7 | 1,40 | 232,0 |
| H-10 | 793039 | | 40,0 | 9,76/23 | 80,5 | 53,2 | 0,9 | 2,9 | 0,02 | 14,0 | 42,2 | 0,4 | 20,7 | 1,55 | 226,0 |
| H-9 | 840126 | | 35,7 | | 73,2 | 57,8 | 0,9 | 3,4 | 0,00 | | 44,0 | 0,4 | 21,9 | 1,39 | 244,3 |
| H-10 | 840125 | | 35,7 | | 73,4 | 58,7 | 1,0 | 3,3 | 0,00 | | 44,1 | 0,4 | 21,8 | 1,43 | 235,5 |
| H-11 | 840123 | | 36,4 | | 69,3 | 57,6 | 1,0 | 3,3 | 0,01 | | 43,2 | 0,4 | 21,3 | 1,43 | 231,9 |
| H-12 | 840124 | | 34,5 | | 66,9 | 57,9 | 1,1 | 3,5 | 0,00 | | 46,2 | 0,3 | 23,5 | 1,47 | 241,0 |
| H-13 | 840122 | | 38,5 | | 68,1 | 54,4 | 1,3 | 3,1 | 0,01 | | 39,2 | 0,3 | 19,6 | 1,49 | 224,7 |
| H-9 | 840247 | | 37,7 | | 75,6 | 57,0 | 0,9 | 3,3 | 0,00 | | 43,3 | | 21,6 | 1,44 | 229,5 |
| H-10 | 840246 | | 38,5 | | 72,0 | 56,2 | 0,9 | 3,3 | 0,00 | | 42,4 | | 21,3 | 1,47 | 228,5 |
| H-11 | 840245 | | 40,0 | | 69,6 | 53,9 | 1,0 | 3,3 | 0,00 | | 41,2 | | 20,7 | 1,50 | 220,0 |
| H-12 | 840244 | | 37,7 | | 70,4 | 56,5 | 1,0 | 3,5 | 0,00 | | 44,8 | | 22,6 | 1,49 | 226,0 |
| H-13 | 840243 | | 41,7 | | 69,6 | 52,7 | 1,0 | 3,1 | 0,00 | | 38,7 | | 19,0 | 1,54 | 214,0 |
| H-9 | 850103 | 70,4 | 32,3 | 9,96/20 | 76,2 | 58,6 | 1,0 | 3,4 | 0,00 | 13,8 | 46,0 | 0,4 | 23,1 | 1,48 | 242,3 |
| H-10 | 850102 | 70,0 | 33,7 | 9,98/20 | 73,7 | 55,5 | 1,0 | 3,2 | 0,01 | 14,3 | 42,7 | 0,4 | 21,0 | 1,51 | 225,7 |
| H-11 | 850100 | 70,6 | 34,5 | 9,98/20 | 70,4 | 54,7 | 0,9 | 3,3 | 0,00 | 13,9 | 41,4 | 0,4 | 20,3 | 1,53 | 218,6 |
| H-12 | 850101 | 71,0 | 33,3 | 9,97/20 | 71,6 | 56,9 | 1,0 | 3,4 | 0,00 | 14,8 | 44,1 | 0,3 | 22,0 | 1,51 | 226,5 |
| H-13 | 850099 | 69,1 | 36,2 | 9,99/20 | 70,3 | 52,9 | 0,9 | 3,2 | 0,00 | 14,7 | 38,2 | 0,4 | 18,3 | 1,57 | 211,9 |

VIÐAUKI B

UM VIÐNÁMSMÆLINGAR, MÆLIFERLAR

VIÐAUKI B: Um viðnámsmælingar, mæliferlar

Viðnámsmælingar eru samheiti yfir flokk mælinga sem beinast að því að mæla eðlisviðnám jarðar. Þær byggja allar á þeirri reglu að sendur er út gegnum jörðu, rafstraumur milli tveggja straumskauta og mæld sú spenna sem straumurinn skapar milli tveggja spennuskauta. Reiknað er út svonefnt sýndarviðnám sem ræðst af hlutfalli mældrar spennu og straums, og innbyrðis afstöðu straum- og spennuskauta. Sýndarviðnámið þarf síðan að túlka yfir í raunverulegt eðlisviðnám jarðar, en það getur verið mismunandi, bæði með dýpi og milli mælistaða.


Reynslan hefur sýnt að oft fer saman lágt eðlisviðnám í jörðu og vatnsleiðandi sprungur eða gangar. Tilgangur viðnámsmælinga er að finna og afmarka slík lágviðnámssvæði í berggrunninum.

Sumarið 1981 var fyrst reynd hérlendis ný mæliaðferð sem kölluð er viðnámssniðsmæling. Hún hefur reynst sérlega hentug til leitar að vatnsleiðandi sprungum þar sem þær koma fram sem lóðréttir lágviðnámsveggir. Í mælingunum eru notuð 3 straumskaut (A, B og C) og tvö spennuskaut (M og N). Straumskautunum A og B, og spennuskautunum er raðað á línu og straumskauti C er komið fyrir mjög langt í burtu. Mæld eru þrjú sýndarviðnámsgildid AB, AC og BC. Síðan er straumskautunum A og B, og spennuskautunum hliðrað eftir mælilínunni og ný sýndarviðnám mæld. Ef jörðin er einungis gerð úr láréttum viðnámslögum verða öll viðnámsgildin eins, en tveir viðnámsferlar, AC- AB og BC- AB eftir mælilínu, þá skerast þeir, í einföldum tilvikum, beint yfir lóðréttu viðnámsskilunum. Þannig má í einföldum tilvikum finna stefnu lágviðnámssprungu með nokkrum mælilínum, en slík lágviðnámssprunga er síðan túlkuð sem lóðrétt vatnsfyllt sprunga í berggrunninum.

JHD-JED-5100-RK
86.II.0926-T

SAUDARKROKUR LINA 1
AB/2 = 200 M
FRUMGÖGN


— Rho_{AC-AB}
- - - Rho_{BC-AB}
(Ohmm)



JHD-JED-5100-RK
86.II.0927-T

SAUDARKROKUR LINA 1
AB/2 = 400 M (B..MN..A)
FRUMGÖGN


— Rho_{AC-AB}
- - - Rho_{BC-AB}
(Ohmm)



JHD-JED-5100-RK
86.II.0928-T

SAUDARKROKUR LINA 2
AB/2 = 100 M (B..MN..A)
FRUMGÖGN

— Rho_{AC-AB}
- - - Rho_{BC-AB}
(Ohmm)




JHD - JED - 5100 - RK
86.II.0929 - T

SAUDARKROKUR
AB/2 = 200 M
FRUMGÖGN

LINA 2
(B..MN..A)


— Rho_{AC-AB}
--- Rho_{BC-AB}
(Ohmm)




JHD-JED-5100-RK
86.II.0930-T

SAUDARKROKUR LINA 2
AB/2 = 300 M (B..MN..A)
FRUMGÖGN

— Rho_{AC-AB}
- - - Rho_{BC-AB}
(Ohmm)




JHD-JED-5100-RK
86.II.0931-T



JHD-JED-5100-RK
86.II.0932-T

SAUDARKROKUR LINA 3
AB/2 = 200 M (B..MN..A)
FRUMGÖGN

— Rho_{AC-AB}
- - - Rho_{BC-AB}
(Ohmm)



JHD-JED-5100-RK
86.II.0933-T

SAUDARKROKUR LINA 3
AB/2 = 400 M (B..MN..A)
FRUMGÖGN

— Rho_{AC-AB}
--- Rho_{BC-AB}
(Ohmm)

